

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016, föstudaginn 9. september, var haldinn 251. fundur stjórnar Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:10. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson, Theódór Kristjánsson (vm), Kristinn Andersen (vm) og Sigríður Hulda Jónsdóttir (vm) sem kom inn á fundinn, kl. 12:10, undir máli nr. 2. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

### Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2017

Áframhaldandi umræður um drög að fjárhagsáætlun 2017 og forsendur áætlunarinnar. Í áframhaldandi vinnu við fjárhags- og starfsáætlun 2017-2021 er gert ráð fyrir að framlag sveitarfélaga verði í takt við það sem lagt fram á eigendafundi Strætó 5. september sl. og var til umfjöllunar í stjórn Strætó 26. ágúst sl.

2. Niðurstaða kærunefndar útboðsmála í forgangsröðun í bíla akstursþjónustu

Áframhaldandi umfjöllun stjórnar um úrskurð kærunefndar útboðsmála frá 21. júní 2016 í kærumáli All Iceland Tours gegn Strætó um framkvæmd B-hluta samningskaupa um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna samkvæmt rammasamningi sem gerður var í september 2014.

Fyrir fundinum lá erindi frá Reykjavík Lawyers, dagsett 29. ágúst 2016. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu í samráði við lögmenn Strætó.

3. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-4425/2012

Áframhaldandi umræður um dóma Héraðsdóms Reykjavíkur sem varða forval nr. 12369, „Strætó bs. Útboð á akstri“ á árinu 2010.

Stjórn samþykkir að fela lögmönnum Strætó að áfrýja dómi Héraðsdóms í máli Allrahanda GL ehf. (áður Iceland Excursions Allrahanda ehf.) til Hæstaréttar.

4. Mælaborð – yfirlit yfir rekstur janúar-september 2016

Fyrir fundinum lá mælaborð með yfirlit yfir lykilstærðir í rekstri Strætó fyrstu níu mánuði ársins, sem fjármálastjóri kynnti.

5. Starfsáætlun stjórnar 2016/2017

Fyrir fundinum lá tillaga að starfsáætlun stjórnar fyrir næstu 12 mánuði.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu.

6. Önnur mál

- a) Erindi frá Útlendingastofnun, dagsett 8. september 2016, þar sem óskað er eftir að bætt verði við einni strætóstoppistöð á leið 29 á Kjalarnesi. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að afla umsagnar um erindið hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

### Fundi slitið kl. 13:10

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Kristinn Andersen  
Sigríður Hulda Jónsdóttir

Sverrir Óskarsson  
Theódór Kristjánsson

### Fylgiskjöl:

- Mælaborð, janúar–september 2016
- Starfsáætlun stjórnar 2016/2017
- Erindi frá Útlendingastofnun, dags. 8. september 2016